

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík 29. nóvember 2018
UST201810-157/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga -Aðalskipulag Norðurþings 2010 - 2030 - breyting – efnistökusvæði

Vísað er til bréfs skipulags- og byggingafulltrúa Norðurþings dags. 16. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingartillögu.

Í greinargerð kemur fram að Vegagerðin hefur óskað eftir því að fjórar námur (E40-43) fari inn á aðalskipulag sem hún ráðgerir að nýta efni úr í malarslitlag vega og viðhalsverkefna á næstu árum. Einnig kemur fram að allt eru þetta námur sem hafa verið nýtar áður og gróflega áætlað heildarmagn úr hverri námu eru um 25.000m³ og flatarmál efnistökusvæðis í hverri námu fyrir sig um 20.000m².

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdirnar sem eru tilefni aðalskipulagsbreytingarinnar falla undir tölulið 2.02 í 1.viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 og falla undir B flokk framkvæmda.

Slíkar námur sem hér um ræðir eru oft notaðar í langan tíma og getur liðið nokkur tími milli efnisvinnslu þar sem efni er framleitt sem jafnvel getur enst í nokkur ár. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við vinnslu og tímabundnum frágangi sé háttáð þannig að sjónræn áhrif verði sem minnst.

Tvö af námusvæðunum eru á svæðum á náttúruminjaskrá, en þau eru Vestari Tjaldstæðisháls (E42) og Kjalarársnáma (E43). Í greinargerð kemur fram að Vestari Tjaldstæðisháls (E42) er á svæði sem kallast Jökulsárgljúfur austan ár og er númer 536 á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar, vegna fjölbreytts landslags og ríkulegs gróðurs. Í dag er náman 25.000m² að stærð og hún verður ekki stækkuð.

Í greinargerð kemur fram að efnistökusvæði í Kjalarársnámu (E43) er á norðanverðri Melrakkaslétu sem er númer 538 á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem svæði með víðáttumiklum mýrum, lóna- og straumvatnakerfi, og sjávarfitjum.



UMHVERFIS
STOFNUN

Gróður og dýralíf með svalviðrisblæ og miklu fuglalífi. Blikalónsdalur er sigdalur með miklu grunnvatnsstreymi. Rauðinúpur er eldstöð frá ísöld og í honum er fuglabjarg og þaðan er mikið útsýni. Einnig kemur fram í greinargerð að heildarflatarmál svæðisins sem hefur nú þegar verið raskað er um 12.000m², en tillagan gerir ráð fyrir að svæðið muni stækka í 20.000m².

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða tillögu, en vill í þessu sambandi benda á heimasíðuna namur.is þar sem unnt er að nálgast upplýsingar um efnistöku og frágang.


Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur